

**Nr. 098 / 16 Sóley*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1894  
IMO: 7711103  
Smíðaður: Selby Englandi 1979, stál  
Útgerð: Björgun ehf  
Stærð: 1448.3 brl. 1705.0 bt.  
Mesta lengd: 79.43 m Skráð lengd: 74.0 m  
Breidd: 13.2 m Dýpt: 6.0 m  
Vél: Mirrlees Blackstone 1979, 2207 kW  
Fjöldi skipverja: 5



Sóley©Útgerð

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 20. febrúar 2017 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 1. nóvember 2016 var Sóley við bryggju í Reykjavík. Veður: SA 3 m/s.

Vélstjórar voru að taka frá kælivatnsdælu fyrir sanddælumótor en við það missti annar þeirra jafnvægið, féll fram fyrir sig og til hliðar. Við fallið bar hann fyrir sig hendur með þeim afleiðingum að baugfingur vinstri handar brotnaði.

***Við rannsókn kom fram:***

- að dælan var staðsett í dælurými og aðgengi til viðgerðar ekki gott;
- að um var að ræða hefðbundin störf;
- að slasaði var með viðeigandi persónuhlífar;
- að við skoðun á atvikinu hjá útgerðinni var lagt til að til þess að koma í veg fyrir sambærilegt óhapp yrði gripið til eftirfarandi ráðstafana:  
*„Slysið er tilkynnt til starfsmanna og brýnt fyrir þeim að gæta varúðar við störf sem þessi. Gæta verður þess að flýta sér ekki við verkið og vera margir saman til að gera það eins auðvelt og hægt er og lágmarka með því áhættu“.*

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.